

INNRA MAT OG UMBÆTUR

Skv. 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber skólum að viðhafa innra mat á gæðum og árangri starfsins. Í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 segir að innra mat skuli samofið annarri starfsemi skólans, matið skuli vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins.

Stjórn skólans, starfsfólk, foreldrar og nemendur taka þátt í innra mati, eftir því sem við á. Stefnt er að því að leita lausna og ráðast í úrbætur svo hratt sem mögulegt er.

Sjálfsmat skólans er með eftirtöldum hætti:

1. Mat nemenda á kennsluaðferðum og námsefni. Matið fer fram í lok hvers áfanga með netkönnun sem nemendur eru beðnir að svara. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af yfirkennara og birtar kennara og skólameistara ef tilefni er til. Sé þess þörf eru gerðar umbætur.
2. Mat nemenda á annarri þjónustu og starfsemi eins og stjórnun, ráðgjöf, bókasafni, tölvuveri og tækjakosti. Matið fer fram með formlegum hætti í netkönnun sem sem nemendur eru beðnir að svara. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af yfirkennara, skólameistara og birtar viðkomandi starfsfólki ef tilefni er til. Sé þess þörf eru gerðar umbætur.
3. Mat nemenda kemur einnig fram í árlegri fundaröð skólameistara sem hann boðar til með öllum hópum í fullu námi. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af yfirkennurum og birtar viðkomandi ef tilefni er til. Sé þess þörf eru gerðar umbætur.
4. Spurningalisti er sendur til útskrifaðra nemenda úr fullu námi við skólann ári síðar í þeim tilgangi að kanna framvindu náms þeirra og gæði námsins við Myndlistaskólann. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af stjórnendum skólans sem meta hvort ástæða sé til breytinga.

5. Könnun á starfsumhverfi skólans. Þriðja hvert ár er líðan starfsfólks skólans könnuð. Leitað er til sérfræðipjónustu á sviði mannauðsmála sem sendir út tvo mismunandi spurningalista, annan til fastráðins starfsfólks, hinn til lausráðinna kennara. Niðurstöður eru kynntar á aðskildum fundum þar sem leiðir til úrbóta eru jafnframt ræddar. Leiði könnunin í ljós mikla óánægju er gripið til aðgerða í samráði við stjórn skólans.

6. Árlegur starfsdagur fastráðins starfsfólks. Við lok skólaársins er haldinn starfsdagur fastráðins starfsfólks við skólann þar sem sameiginleg stefna er mótuð og endurbætt.

INNRA MAT OG UMBÆTUR SKÓLAÁRIÐ 2023-24

Fjárhagsleg endurskipulagning

Gríðarmikið umbótastarf hefur farið fram innan skólans að undanfögnu. Frá september 2022 til loka árs 2023 fór fram gagnger endurskipulagning á fjárhag og rekstri skólans. Tekið var upp rafrænt bókhald til þess að öðlast betri yfirsýn á fjárhaginn, föstum stöðugildum var fækkað og hverjum steini velt við í daglegum rekstri. Tekin voru í notkun rekstrarlíkön sem hjálpa millstjórnendum að halda kostnaði sinnar rekstrareinginar innan áætlunar. Verðskrár í námskeiðaskóla voru hækkaðar og tekin í notkun líkön sem segja fyrir um framlegð hvers námskeiðs til sameiginlegs rekstrar skólans. Árangur þessara aðgerða hefur skilað sér í mun betri rekstri en á einu ári hefur tapi hefur verið snúið í ásættanlegan hagnað.

Starfsmannakannanir

Á árinu voru gerðar tvær kannanir á líðan starfsfólks skólans, önnur meðal fastráðinna starfsmanna, hin meðal lausráðinna kennara. Sama

könnun var lögð fyrir hóp fastráðins starfsfólks fyrir 3 árum.
Niðurstöður leiddu í ljós góðan árangur á tímabilinu.

Fastráðið starfsfólk kom saman til stefnumótunarfundar á haustönn og verður stefnan rifjuð upp og endurskoðuð á fundi næsta haust.

Fastráðið starfsfólk hélt starfsdag eftir skólaslit þar sem farið var yfir uppfærða skólanámskrá skólans.

Kennslumat nemenda

Í samtölum skólameistara við einstaka nemendahópa á fimm námsbrautum skólans kom fram gagnrýni á kennsluhætti í þremur áföngum. Í öllum tilvikum var farið í umbætur og fullt tillit tekið til réttmætra ábendinga nemenda.